



Brunavarnir Árnassýslu
Árvegi 1
800 Selfoss
4-800-900
894-1845
ba@babubabu.is

Selfossi 30. september 2013
/KEi//kei

Fundargerð fagráðs

3. fundur fagráðs *Brunavarna Árnassýslu* haldinn mánudaginn 30. september 2013 kl. 10.00 í slökkvistöð Selfossi, Árvegi 1 (Glóð)

Mættir: Ari Thorarensen, formaður, Jón G. Valgeirsson, Gunnsteinn R. Ómarsson, Kristján Einarsson, slökkvistjóri, Pétur Pétursson, varaslökkvistjóri og S.Lilja Ragnarsdóttir, bókarí.

Kristján ritaði fundargerð.

Formaður setur fund og bauð fundarmenn velkomna.
Hann bauð Gunnstein R. Ómarsson sérstaklega velkominn á sinn fyrsta fund á vettvangi Brunavarna Árnassýslu.
Einnig þakkaði hann Ólafi Erni Ólafssyni f.v. stjórnarmanni og fagráðsmanni BÁ, fyrir samstarfið á liðnum árum.

1. Fjárhagsáætlun 2014

Fyrir fundinum lágu drög að fjárhagsáætlun BÁ fyrir árið 2014.
Í drögunum liggur fyrir töluverð hækkun á niðurstöðutölum milli ára.
Í skýringum slökkviliðsstjóra kom fram að skerðing varð á framlagi fyrir árið 2013 sem og síðustu tvö árin þar á undan.
Einnig hefur orðið lækkun á skilyrtum þjónustutekjum milli ára.

Afgreiðsla:

Stjórnendum slökkviliðsins falið að finna möguleika til lækkunar á niðurstöðutölum áætlunarinnar.

Boðað er til fundar um áætlunina n.k. mánudag, 7. október, kl. 10.00

2. Brunavarnaáætlun (Drög)

Fyrir fundinum lágu drög að Brunavarnaáætlun BÁ fyrir árin 2014 - 2019

Afgreiðsla:

Brunavarnaáætlun vísað til héraðsnefndar til kynningar.

Slökkviliðsstjóra falið að standa að kynningu á fundi héraðsnefndar 17. október n.k.

Áætluninni verður síðan vísað til stjórna aðildarsveitarfélaga BÁ og Mannvirkjastofnunar til samþykktar.

3. Gjaldskrá BÁ (Drög)

Fyrir lágu drög af Gjaldskrá BÁ.

Afgreiðsla:

Gjaldskránni vísað til héraðsnefndar til kynningar.

Slökkviliðsstjóra falið að standa að kynningu á fundi héraðsnefndar 17. október n.k.

Gjaldskráin verður síðan vísað til stjórna aðildarsveitarfélaga til samþykktar.

4. Erindisbréf Fagráðs BÁ (Drög)

Fyrir lágu drög af Erindisbréfi Fagráðs BÁ.

Með tilkomu Brunavarna Árnessýslu í stjórnkerfi Héraðsnefndar Árneseinga bs. skal samkv. samþykktum héraðsnefndar setja BÁ „Erindisbréf“

Afgreiðsla:

Erindisbréfi vísað til héraðsnefndar til endanlegrar afgreiðslu.

5. Samþykktir BÁ

Með tilkomu Brunavarna Árnessýslu í stjórnkerfi Héraðsnefndar Árneseinga bs. skal samkv. samþykktum héraðsnefndar setja BÁ „Samþykktir.“

Afgreiðsla:

Formanni og slökkviliðsstjóra falið að vinna „Samþykktir“ byggðar á fyrri samþykktum.

Héraðsnefnd afgreiðir endanlega samþykktirnar.

6. Lánamál

Fyrir lá að Lánasjóður sveitarfélaga hefur samþykkt lánsbeiðni BÁ vegna kaupa á húsnaðinu að Árvefi 1 Selfossi.

Afgreiðsla:

Slökkviliðsstjóra falið að vinna áfram að afgreiðslu málsins.

Vinnslu lokaúttektarvottorðs og breytingu lána.

7. Önnur mál

Slökkviliðsstjóri greindi frá því að fjórum sjúkraflutningsmönnum hefði verið sagt upp störfum hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands frá og með næstu áramótum. Nokkur órói er innan raða sjúkraflutningsmanna en þeir eru leiga húsnaði með BÁ að Árvegi 1.

Ekki fleira tekið fyrir, fundi slitið kl. 12.25